

ÞRÍÞRAUTARSAMBAND ÍSLANDS

27.03.2022 (#2 2022-2023)

Stjórnarfundur er haldinn að Ölduslóð 43, klukkan 17.

Mættir eru **Valerie Maier, Ingi Poulsen**, sem jafnframt ritar fundargerð, **Margrét Magnúsdóttir, Margrét Ágústsdóttir, Arnór Ásgeirsson, Jón Gunnlaugsson og starfsmaður sambandsins Hákon Jónsson**.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð.

1. Þinggerð Þríþrautabingsins 26.2.22 og fundargerð síðasta fundar

Þinggerð og fundargerð síðasta fundar lagðar fram til samþykktar.

Samþykkt.

2. Nefndarvinna

Fram fer umræða um hlutverk nefnda og helstu verkefni framundan. Formenn nefnda fara yfir sína sýn á nefndarstarfið. Fastanefndir vinna að sínum hlutverkum og jafnframt vinna að drögum reglugerða sem rúmast innan hlutverks hverrar nefndar fyrir sig.

3. Ársfundur European Triathlon

Formaður gefur skýrslu um ársfund European Triathlon sem hún sótti fyrir hönd ÞRÍ.

4. Styrkur til Úkraínu

Lögð fram tillaga um að veita Úkraínska þríþrautarsambandinu styrk að upphæð 1500 Evrur.

Samþykkt

5. Fjölmiðlafulltrúi samningur

Lögð fram drög að samningi við fjölmiðlafulltrúa.

Samþykkt

6. Keppnisdagskrá

Fram fer umræða um keppnisdagskrá tímabilsins. Félögin hafa fengið beiðni um að staðfesta dagsetningar og í framhaldinu verður keppnisráin auglýst.

Tillaga lögð fram um að Kjósarþraut verði haldin 7. ágúst.

Samþykkt

7. Greiðslur til félaga

Fram fer umræða um fyrirkomulag greiðsluþátttöku ÞRÍ gagnvart mótum félaga. Lagt til að vinna tillögu að fyrirkomulagi

8. Formannafundur

Lagt til að halda formannafund 3. maí næstkomandi klukkan 18.00.

Samþykkt

9. Önnur mál

Norðurlandamót í þríþraut

Upplýst um fyrirhugað Norðurlandamót í þríþraut sem er nýtt af nálinni. Upplýsingar um mótið verða settar á heimasíðu ÞRÍ.

Fundi slitið klukkan 19.15